

## **36. Stjórnarfundur FENÚR,**

haldinn 2. október 2001 kl. 11:00 á skrifstofu SORPU.

Mættir: Gunnar Bragason, Jóhannes Pálsson, Björn Halldórsson, Ingi Arason og Guðmundur Tryggvi Ólafsson. Pétur Bjarnason var í símasambandi.

### **Fundargerð.**

Fundargerðir 34 og 35 stjórnarfunda voru samþykktar.

### **LCA málið, innheimta styrkja.**

Fram kom að Sorpsamlag Þingeyinga hefur ekki áhuga á samstarfi við FENÚR og verður tekið af félagaskrá. JP mun ýta á sorpsamlögin á Austurlandi að svara beiðni um styrk. Áfram er unnið að LCA verkefninu.

### **Merkingar, útsending reikninga.**

Texti til kynningar á samræmdum flokkunarmerkingum áamt beiðni um þátttöku í hönnunarkostnaði merkjanna, var tilbúinn fyrir fundinn og var hann samþykktur með smávægilegum breytingum. BH mun senda út kynningarefnið ásamt gíróseðli skv. áður samþykktum útsendingarlista.

Einnig var samþykkt að hafa merkin tiltæk á tölvutæku formi en setja þau þannig inn að þau séu aðeins nothæf t.d. á bréfsefni.

### **Starfshópar.**

BH sagði frá haustráðstefnu FENÚR sem haldinn verður á Akureyri 2. nóvember nk. Rætt var um drög að dagskrá og mun BH ásamt stýrihóp og öðrum hópstjórum ganga endanlega frá dagskránni.

GTÓ greindi frá fyrsta fundi í stýrihóp hóps um urðun, brennslu og spilliefni sem haldinn var 21. sept. Stýrihópurinn ætlar að koma upplýsingum á heimasíðu sem fyrst og koma starfi hópsins í gang á næstu vikum.

Rætt var um að koma þyrfti upplýsingum til félagsmanna um í hvaða hóp þeir væru skráðir. BH athugar.

### **Aðalfundur ISWA og ráðstefnan í Stavangri 3-5 sept. 2001**

GB og ÁR sóttu aðalfund ISWA og ráðstefnuna, og sátu einnig stuttan fund í DNR 2. sept., en DNR eru samtök aðildarféлага ISWA á norðurlöndunum. Fundurinn í DNR var til undirbúnings aðalfundi ISWA. Helsta samþykkt aðalfundarins var að fara í endurskoðun á markmiðum og starfsemi ISWA skv. tillögu norðurlandanna.

Ráðstefnu ISWA og NRF (The Norwegian Association of Solid Waste Management) sóttu einnig Einar Bjarni og Sigríður frá Hreinsunardeild Reykjavíkurborgar. Á ráðstefnunni voru ýmis erindi um endurvinnslu og úrgangsmál, m.a. var stór hluti hennar tileinkaður stöðu mála í Skandinavíu.

### **Önnur mál.**

BH fór yfir bréf sem borist hafa. M.a. tilkynningu frá ISWA um að upplýsingabréfi EU yrði ekki lengur dreift til aðildarféлага nema til kæmi veruleg greiðsla. BH og GB skoða hvort hægt sé að nálgast þetta upplýsingabréf gegnum opinbera aðila hérlendis.

JP fór yfir fjármál FENÚR. Nokkrir aðilar skulda félaginu og mun JP fara í þau mál. Búið er að greiða kostnað við hönnun merkja en eftir er að innheimta stuðning við málið. JP fer nánar yfir fjárhagsbókhaldið og upplýsir stjórn um stöðuna.

Spurt var um fund með Hollustuvernd út af starfsmannamálum. Fundurinn sem halda átti í lok apríl hefur enn ekki verið haldinn. GB mun þrýsta á Hollustuvernd að halda málinu áfram.

Fundi slitið 12:00

Gunnar Bragason.